

Reykjavík, 5. október 2018
5.14Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík**Efni: Umsögn vegna heildarendurskoðunar laga um mat á umhverfisáhrifum**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir athugasemdum eða hugmyndum almennings og annarra haghafa í tengslum við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. mál á samráðsgátt stjórnarráðsins nr. S-107/2018. Eftirfarandi eru athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur þar um en þær eru settar fram í nafni fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Þar sem eftirleiðis er vísað til OR er því verið að vísa til samstæðunnar í heild sinni og afstöðu hennar.

Almennt

Eins og fram kom í umsögn OR til ráðuneytisins, dags. 8. mars þ.á., um frumvarp um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, hefur OR almennt verið sáttt við lög um mat á umhverfisáhrifum og framkvæmd hérlandis á grundvelli þeirra. Það hefur hins vegar lengi verið afstaða OR að einfalda megi ferlið og samþætta umhverfismat sem framkvæmt er á grundvelli mismunandi laga. Slíkt myndi gera ferlið við umhverfismat skilvirkara og einfaldara, til hægðarauka fyrir bæði stjórnvöld og framkvæmdaraðila.

Vissulega er það hins vegar óhjákvæmilegt að gera þurfi tiltekna breytingar á íslenski löggjöf til að uppfylltar séu kröfur sem gerðar eru með tilskipun 2014/52/ESB. Ákvæði hennar eru almennt til bóta og til þess fallin að gera málsmeðferð einfaldari, skilvirkari og hraðari. Í dag er matsferli og málsmeðferð hér á landi flókin. Um það eru sveitarstjórnarmenn, framkvæmdaraðilar og almenningur sammála. Mat allra er að við mat á umhverfisáhrifum fari of mikil vinna í umhverfisþætti sem lítið vægi hafa þegar á hólminn er komið. Bæta mætti og stytta matsferlið með skarpari vinsun á þeim gögnum og rannsóknnum sem gerð er krafa um fyrir hverja framkvæmd, taka út einstaka þætti og draga úr kröfum um nákvæmni gagna þegar það á við. Enn fremur bendir OR á mikilvægi þess að þeir frestir sem upp eru gefnir í lögum um mat á umhverfisáhrifum séu virtir og skýrar sé kveðið á um hvernig staðið verði að samráði við framkvæmdaraðila ef víkja þarf frá lögbundnum frestum, enda er það hann sem hefur forræði á ferlinu.

Sumar þeirra krafna sem fram koma í tilskipuninni veita íslenskum stjórnvöldum svigrúm við innleiðingu hennar. Við innleiðingu slíkra krafna þarf að gæta meðalhófs og gæta þess að ganga ekki lengra en nauðsyn krefur og að hverjar þær breytingar sem tillagðar eru séu rökstuddar með fullnægjandi hætti. Að mati OR skortir á að það sé gert með fullnægjandi hætti í ákveðnum tilvikum eins og grein verður gerð fyrir hér á eftir.

Nýjar áskoranir

Við heildarendurskoðun löggjafar um mat á umhverfisáhrifum er afar mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á þær breytingar sem þegar hafa orðið á umhverfinu og umræðu um áhrif loftslagsbreytinga á náttúru og samfélag.

Enn fremur þarf að leggja áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda, fyrirbyggjandi aðgerðir og aðlögunarhæfni samfélaga vegna náttúruvár. Það er í samræmi við nýjar áherslur stjórnvalda í loftslagsmálum og þá vinnu sem nú stendur yfir við mörkun orkustefnu fyrir Ísland.

Áhrif loftslagsbreytinga og aðrar hnattrænar áskoranir munu kalla á aukna þekkingu og færni við mat á samfélagslegum áhrifum sem skort hefur við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum. Því þarf að gera mati á samfélagslegum áhrifum hærra undir höfði en nú er.

Endurskoðun umhverfismats

Áður hefur komið fram sú hugmynd að stytta þann frest sem framkvæmdaraðilar hafa til að hefja framkvæmdir, sbr. síðustu frumvörp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum. OR telur hins vegar að brýnt sé að gæta meðalhófs þegar innleiddar eru breytingar á borð við þær að stytta þennan frest sem framkvæmdaraðilar hafa. Ekki er ráðlagt að taka stórt stökk við innleiðingu breytinga nýmæla af slíku tagi. Hvetur því OR til þess að ef lagt verður upp með að stytta tímamörk að slíkt verði skoðað vel og vandlega og ítarleg rök færð fyrir þeirri nálgun sem farin verður.

OR ítrekar að því styttri sem tímamörkin eru, því líklegra er að framkvæmdaraðilar komi til með að leggja fram nánast fullhönnuð gögn seint í matsferlinu. Það getur leitt til þess að mun minna svigrúm verði til breytinga á tilhögun framkvæmdar í kjölfar ábendinga frá sveitarstjórnnum, umsagnaraðilum og almenningi. Það væri mjög miður fyrir matsferlið og fyrir umhverfi og samfélag og stríðir gegn hagsmunum almennings af aðkomu að ferlinu á frumstigum þess.

Stjórnvaldssektir

Áður hefur verið lagt til af hálfu ráðuneytisins að innleiða stjórnvaldssektir í lög um mat á umhverfisáhrifum. OR telur það geta orðið til bóta enda geti það orðið til þess að misbrestur verði ekki á að upplýsingum sem skipta kunni máli verði varpað fram. Hins vegar verður að stíga varlega til jarðar við ákvörðun sekta og miða fjárhæðir við eðli umfang og alvarleika brota.

Sambætting ferla og skýrslugerðar

OR bendir á mikilvægi þess að sambætta ferla í lögum með skýru og vel skilgreindu fyrirkomulagi. Að mati OR ekki nóg að löggjöf mæli fyrir um heimildir þar um heldur sé brýnt að löggjafinn kveði skýrt á um þetta. Þannig verði stjórnsýsla einfölduð, skilvirkni eflað og dregið úr tvíverknaði, m.a. fyrir framkvæmdaraðila og ekki síður fyrir stjórnvöld. Það verður ekki litið fram hjá því að af núverandi fyrirkomulagi leiðir að það er kostnaðarsamt og tímafrekt fyrir framkvæmdaraðila að þurfa ítrekað að leggja fram sömu eða sambærileg gögn og áður. Hið sama á við um stjórnsýsluna og aðkomu stjórnvalda sem iðulega er yfirhlaðin verkefnum. Það er ekki síður mikilvægt á vettvangi stjórnsýslunnar að straumlínulaga ferla og einfalda afgreiðslu mála.

Að öðru leyti en að framan greinir vísar OR til áður nefndrar umsagnar sinnar, dags. 8. mars 2018 og afstöðu sem fram kom á fundi með umhverfisráðherra, dags. 22. ágúst 2018. Verði

Þess óskað eru fulltrúar OR reiðubúnir til að fara nánar yfir framangreindar athugasemdir og gera nánar grein fyrir afstöðu fyrirtækisins.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir

Íris Lind Sæmundsdóttir
lögfræðingur

Hólmfríður Sigurðardóttir

Hólmfríður Sigurðardóttir
umhverfisstjóri

Hólmfríður Bjarnadóttir

Hólmfríður Bjarnadóttir
Skipulagsfulltrúi Veitna

Afrit: Samorka